

Urðunarstaðurinn á Álfsnesi.

Viðauki við umsókn um endurnýjun starfsleyfis 2012.

Geymsla úrgangs á urðunarstaðnum.

Í drögum að nýju starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Álfsnesi er eftirfarandi liður í grein 1.2 sem fjallar um umfang starfseminnar:

Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum.

Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi starfsleyfi, þannig að það var ekki sérstök umfjöllun um þetta atriði í upphaflegri umsókn um endurnýjun starfsleyfisins. Ákvæðið er heldur ekki í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs.

Þetta mál var síðan rætt á fundi hjá Umhverfisstofnun þann 6. mars sl. Í framhaldi af því barst bréf frá stofnuninni þar sem eftirfarandi kemur fram:

Í ljósi umræðu um geymslu úrgangs á fundinum þá teljum við að það verði að vera takmörkun á hvað úrgangur er tekinn til geymslu á urðunarstað SORPU, m.a. til að fyrirbyggja t.d uppsöfnun bílhræja eða annars mengandi úrgangs. Sé eingöngu ætlun SORPU að geyma timburflís og dekkjakurl sem notað er við urðunina þá væri gott að fá það hreint skýrt fram með bréfi frá ykkur þar sem þið óskið eftir að fá að geyma slíkan úrgang á staðnum.

Löng hefð er fyrir því að geyma ýmsan úrgang á urðunarstaðnum á Álfsnesi. Dæmi um úrgang, sem hefur verið geymdur þar eða sem hugsanlega er áætlað að geyma þar eru:

- Úrgangur sem ætlaður er til notkunar við rekstur urðunarstaðarins svo sem tréflís, dekkjakurl, gler og steypubrot.
- Úrgangur sem ætlaður er til moltuframléiðslu og sem stoðefni í fyrirhugaða gasgerðarstöð, svo sem garðaúrgangur og trjágreinar.
- Úrgangur sem bíður fyrirhugaðrar endurvinnslu, svo sem baggað plast og net.

Engin umræða hefur verið um óæskileg áhrif þessarar geymslu á rekstur urðunarstaðarins á fundum með eftirlitsaðilum.

SORPA bs óskar því hér með eftir því að geymsla úrgangs af þessu tagi verði leyfð í nýju starfsleyfi. Grein í starfsleyfi getur til dæmis verið eftirfarandi:

Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Þó er heimilt að geyma þar eftirfarandi úrgang:

- I. Úrgang sem ætlaður er til notkunar við rekstur urðunarstaðarins svo sem tréflís, dekkjakurl, gler og steypubrot.*
- II. Úrgang sem ætlaður er til moltuframléiðslu og sem stoðefni í fyrirhugaða gasgerðarstöð, svo sem garðaúrgang og trjágreinar.*
- III. Úrgang sem bíður endurvinnslu svo sem baggað plast og net.*

Geyma skal úrganginn á þann hátt að hann valdi ekki fok- eða eldhættu. Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem geymdur er á urðunarstaðnum og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

Þessi skilgreining á að koma í veg fyrir hugsanlega geymslu bílhræja og annars mengandi úrgangs á urðunarstaðnum í framtíðinni sbr. ofangreint bréf Umhverfisstofnunar. Reyndar er ekki ljóst af hverju umræða um þær úrgangstegundir kemur nú fram í ljósi sögu urðunar á Álfsnesi.

Ásbjörn Einarsson
Bjarni G. P. Hjarðar
Björn Jóhann Björnsson